



UMFERÐARSTOFA

24.01.2012
12010053 DJ

Samtök atvinnulífsins
Borgartúni 35
105 Reykjavík

Efni: Svarbréf vegna mótmæla á hækkun á gjaldi fyrir ökuritakort

Vissulega hefði verið betra að geta kynnt þær gjaldskrárbreytingar sem urðu síðastliðin áramót, áður en þær tóku gildi, en því miður var aðdragandinn og tíminn mjög skammur. Gagnrýnin er móttækin og verður höfð til hliðsjónar við gjaldskrárvinnu framvegis.

Ljóst er að fyrra gjald, 8.700 kr., sem hefur verið óbreytt frá árinu 2006 stóð aldrei undir kortaumsýslunni, langt í frá. Það var ákvörðun á þeim tíma á færi annarra að setja þessa upphæð sem verð fyrir ökuritakortin, en ekki raunkostnað. Umferðarstofa hefur því alla tíð tapað mikið á þessari ökuritakortaumsýslu. Verð fyrir ökuritakort og nauðsynleg hækkun þess hefur því verið í umræðunni frá upphafi og hefur m.a. verið fjallað um málið í Landflutningaráði.

Verð ökuritakortanna í dag endurspeglar þann raunkostnað sem af þeim hlýst. Um 1/3 hluti kostnaðarins er breytilegur kostnaður sem fer eftir magni þeirra korta sem eru þöntuð og er fjöldi þeirra áætlaður á hverju ári m.v. fyrri reynslu. Restin er fastur kostnaður í þeim skilningi að fjöldi korta sem pantaður er hér á landi hefur engin áhrif.

Rekstur verkefnisins er mjög íþyngjandi, en skyldaður erlendur stjórnsýslukostnaður og kerfis- og hugbúnaðarkostnaður er mjög mikill. Reynt er að lágmarka kostnað eins og hægt er. Stór hluti kostnaðar er þó háður gengisbreytingum, eins og t.d. kerfissambandið, hugbúnaðarleyfin, hrákortin o.fl. Þess má einnig geta að við tókum út úr þessari áætlun þróunarkostnað sem áður hafði verið settur fram og féll til við upphaf verkefnisins, en metinn 40 m.kr. Korthafar hafa aldrei þurft að greiða hlut í þeim kostnaði.

Virðingarfyllst,


Dagný Jónsdóttir
Forstjóri

Afrit: Innanríkisráðuneytið

JR			
Kom: 27 JAN. 2012			
SA	NR. 54505		